

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands (Valgerður) Keldur, tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði.



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	13.9.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Háskóli Íslands (Valgerður)	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	v/Vesturlandsveg	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	600169-2039	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Valgerður Andrésdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	85.14.3
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Ekkert frávik kom fram og engum ábendingum er komið á framfæri.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitið á fundi þar sem farið var yfir starfsleyfi rekstraraðila. Bætt hefur verið úr fráviki frá síðasta eftirliti sem varðar áhættumat og viðbragðsáætlun og búið er að taka upp skráningar á úrgangi. Farið var yfir umfang starfseminnar en það er óbreytt frá síðasta eftirliti. Rætt var um afmörkunarráðstafanir og skráningar í vinnudagbók sem hver starfsmaður heldur utan um. Allur úrgangur er nú skráður í sér dagbók og upfyllir kröfur starfsleyfisins.

Í loks eftirlitsferðar var farið í vettvangsferð um svæðið og vinnuástanda starfsmanna skoðuð. Nýr gufusæfir er kominn til notkunar á neðri hæðinni sem tekur á móti úrgangi sem þarf að dauðhreinsa. Öryggisráðstafanir uppfylla kröfur starfsleyfisins og öll aðstaða var snyrtileg og ekki tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.09.2018

  
Einar Halldórsson